

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, þriðjudaginn 7. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Andra Val Ívarssyni, Helga R. Magnússyni og Gunnari Sverri Gunnarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 11/2025:

Breiðablik

gegn

ÍA/Víking Ó.

og

gagnsök

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðild:

Kærandi:

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Kærði:

ÍA/Víkingur Ó.

Skrifstofu KSÍ barst kára með tölvupósti frá kæranda kl. 10:28 þann 25. september 2025 og var móttækin af skrifstofu KSÍ samdægurs. Kærða var veittur frestur til að skila athugasemdum og skrifstofu KSÍ barst kára á hendur kæranda til baka. Málin voru sameinuð í eitt mál og kæranda veittur frestur til að skila athugasemdum vegna framkominnar kæru kærða.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess Breiðablik verði dæmdur sigur í leik félagsins gegn sameinuðu liði ÍA/Víkings Ó. sem fram fór ú undanúrslitum 3. flokks C-liða þann 23. september 2025.

Kærði gerir fyrir sitt leyti ekki kröfur í kæru sinni.

III.

Málsatvik:

Mál þetta varðar leik Breiðabliks gegn sameinuðu liði ÍA/Víkings Ó. sem fór fram í undanúrslitum 3. flokks karla C-liða þann 23. september 2025. Leikurinn endaði 1-5 fyrir síðarnefnda liðið.

Kærandi vísar í kæru sinni til þess í kæru sinni að kærði hafi teft fram ólöglegum leikmönnum þar sem tveir leikmanna liðsins í umræddum leik séu meðal 11 leikjahæstu leikmanna A-liðs félagsins og því að spila með tveimur styrkleikaflokkum neðar en þeir ættu að gera.

Kærði vísar til þess í kæru sinni að kærandi hafi spilað með ólöglega leikmenn og framvísaði samskiptum milli þjálfara félaganna því til stuðnings.

IV.

Málsástæður kæranda:

Kærandi byggir kröfur sínar á því kærði hafi teft fram ólöglegum leikmönnum í úrslitakeppni 3. flokks karla C-liða þar sem leikmenn liðsins, Reynir Már Jónsson og Haukur Smári Ragnarsson, hafi verið meðal byrjunarliðsmanna þrátt fyrir að vera tveir af 11 leikjahæstu leikmönnum A-liðs kærða. Kærandi vísar til gr. 7.5.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kærandi hefur ekki mótmælt því að þjálfarar liðann hafi komið sér saman um að leyfa ólöglegum leikmönnum að spila fyrir liðið í umræddum leik og kveðst hafa gert það með lýðheilsu og félagsleg sjónarmið að leiðarljósi. Kærandi bendir á að kærði hafi teft fram leikmönnum sem eru bersýnilega ólöglegir vegna leikjafjölda út frá hlutgengisreglum um leiki með sterkari liði innan flokks. Kærandi bendir m.a. á að báðir leikmennirnir sem um ræðir hafi verið í leikmannahópi Víkings Ólafsvíkur í úrslitaleik Fótbolta.net bikarsins og komið þar við sögu.

V.

Málsástæður kærða:

Málatilbúnaður kærða verður ekki skilinn á annan veg en að hann gangist við því að lið kærða hafi verið ólöglega skipað í umræddum leik. Kærði hefur á hinn bóginn bent á að kærandi hafi sömuleiðis spilað ólöglegum leikmönnum í leiknum en gerir ekki sérstakar kröfur í málatilbúnaði sínum.

VI.

Niðurstaða:

Mál þetta varðar reglur um hlutgengi leikmanna og hvort félög hafi stillt upp ólöglegu liði. Í gr. 7.5.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót kemur eftirfarandi fram:

„Í úrslitakeppni í 3. og 4. aldursflokki karla og kvenna er heimilt að tefla fram í hverju liði leikmönnum sem ekki eru á meðal þeirra 11 leikmanna sem byrjað hafa flesta leiki liða í Íslandsmóti sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki. Ef ekki er ljóst hvaða 11 leikmenn hafa leikið flesta leiki, þar sem tveir eða fleiri hafa leikið jafn marga leiki, þá eru þeir leikmenn allir óhlutgengir. Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðstjórnar.“

Samkvæmt leikskýrslu umrædds leik voru Reynir Már Jónsson og Haukur Smári Ragnarsson meðal byrjunarliðsmanna í umræddum leik. Samkvæmt leikjaferli leikmannanna hafa þeir annars vegar leikið 18 leiki og hins vegar 20 leiki fyrir A-lið ÍA/Víkings Ó. og eru meðal 11 leikjahæstu leikmanna A-liðsins. Þá hafa þeir báðir leikið fyrir meistaraflokk Víkings Ó. á tímabilinu. Telur aga- og úrskurðarnefnd því ljóst að þátttaka umræddra leikmanna í leiknum hafi brotið í bága við framangreint ákvæði og að kærði hafi mætt til leiks með ólöglega skipað lið.

Þess ber þó að geta að kærði hefur framvísað samskiptum þar sem kærandi óskar eftir heimild til þess að spila leikmönnum sem hafa ekki keppnisleyfi með Breiðablik og hefur kærandi gengist við

þessu. Með vísan til þess telur aga- og úrskurðarnefnd jafnfram ljóst að lið kæranda hafi einnig verið ólöglega skipað með vísan til 3. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Samkvæmt gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót telst félag sem mætir ólöglega skipað til leiks hafa tapað leiknum 0-3, nema tap hafi verið stærra en þá skal sú markatala standa. Félögin mættu bæði ólöglega skipuð til leiks í umræddum leik og því ómögulegt að dæma öðru hvoru félaginu sigur með vísan til framangreindrar reglu. Það er mat aga- og úrskurðarnefndar að ekki sé rétt að láta úrslit leiksins standa í ljósi atvika heldur sé óhjákvæmilegt að ógilda úrslit leiksins og að hann verði endurleikinn með vísan til a-liðar gr. 12.1 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þá skulu bæði félög sæta sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 75.000,- með vísan til gr. 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

VII. Úrskurðarorð:

Leikur Breiðabliks gegn ÍA/Víking Ó. sem leikinn var í Smáranum í undanúrslitum 3. flokks karla C-liða þann 23. september 2025 er ógildur og skal endurleikinn.

Breiðablik skal greiða sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 75.000,-.

ÍA/Víkingur Ó. skal greiða sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 75.000,-.

Andri Valur Ívarsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Gunnar Sverrir Gunnarsson [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttarábrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.